



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 21. febrúar, 2008

Ákvörðun nr. 12/2008

Samruni Pennans ehf. og Islandia og Viking Craft hf.

1.

Með bréfi, dags. 24. desember sl., var tilkynnt um samruna Pennans ehf. (Pennans) og Islandia og Viking Craft hf. (Islandia). Bréfinu fylgdi samrunaskrá þar sem framsetning var miðuð við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Bréfinu fylgdu ýmis fylgigögn. Penninn er verslunarfyrtæki á sviði skrifstofuvara, skólavara og afþreyingar, sem rekur bæði smásöluverslun og heildsölu. Islandia hefur einkum haft með höndum heildsölu og smásölu á gjafavöru en verslunarrekstur þess hefur farið fram í Kringlunni og í Bankastræti í Reykjavík.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupin í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrðin eru metin uppfyllt.

Með bréfi, dags. 17. janúar 2008, tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að samruninn felist í því að Penninn kaupi Islandia og hyggist reka fyrirtækið á sama hátt og aðrar rekstrareiningar Pennans. Hvað heildsölu með gjafavörur varði, hafi starfsemi Islandia á því sviði verið takmörkuð, farið minnkandi og sé nú hverfandi. Þá kemur fram að samrunaaðilar telja að sá markaður sem skörunar gæti helst á sé markaður með gjafavöru. Þeir telji að skilgreina beri þann markað sem heildarmarkað með gjafavöru en óþarft sé að skilgreina hann á nákvæmari hátt þar sem sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila veki ekki áhyggjur af samkeppnislegum áhrifum samrunans. Samrunaaðilar benda á að gjafavara sé einnig seld í verslunum Pennans og verslunum í eigu Pennans, s.s. Saltfélagsins og Habitat, sbr. samrunatilkynningu Pennans og Habitat dags. 20. des. 2007. Þá kemur fram að á vegum Islandia hafi farið fram áþrykking mynda og texta á klæðnað, þ.e. boli. Islandia hafi sinnt slíkri starfsemi en til þessa hafi Penninn hvergi komið nærri slíku.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



3.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Í máli þessu er um að ræða samruna Pennans og Islandia, fyrirtækis sem hefur m.a. verslað með ýmis konar gjafavöru á heildsölustigi og smásölustigi. Að mati Samkeppniseftirlitsins mun samlegðaráhrifa samrunans gæta almennt við rekstur Pennans. Hefur Samkeppniseftirlitið rætt við nokkra aðila á markaði um áhrif samrunans, auk þess að afla upplýsinga frá Ríkisskattstjóra.

Gögn málsins og athugun stofnunarinnar benda til þess að ekki myndist markaðsráðandi staða á þeim markaði sem þýðingu hefur í málinu í kjölfar þess samruna sem hér um ræðir eða að slík staða styrkist. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni. Í ljósi þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að hafast að vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

Með kaupsamningi, dags. 17. desember 2007, keypti Penninn hf. rekstur Islandia og Viking Craft hf. Fela þessi kaup í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson